



**Efni: Heimild til að hefja frumathugun fyrir verkefnið “umsjónarkerfi fyrir Apple spjaldtölvur (MDM)”**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja frumathugun fyrir verkefnið umsjónarkerfi fyrir Apple spjaldtölvur (*MDM/mobile device management*). Verkefnið verður unnið í samstarfi við skóla- og frístundasvið og miðar að því að stýra og tryggja farsæla umsjón með Apple-tækjum sem nýtt eru í skólasterfi hjá Reykjavíkurborg.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 800001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins eru 6 mánuðir og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 18.700.000 kr. Þar af tilheyra 17.855.000 kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum en 845.000 kr. tilheyra rekstrarkostnaði UTR vegna einskíptis búnaðarkaupa.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

**Greinargerð:**

Núverandi umsjónarkerfi fyrir Apple spjaldtölvur í skólastarfi Reykjavíkurborgar er hugbúnaðurinn Lightspeed. Samningi Reykjavíkurborgar við Lightspeed lýkur 16. júlí 2024 og verður hann ekki endurnýjaður þar sem kerfið uppfyllir ekki þær öryggiskröfur sem Reykjavíkurborg gerir í dag. Mikilvægt er að innleiða annan hugbúnað fyrir þann tíma til að koma í veg fyrir að tækin verði leyfislaus og gögn glatast.

Upplýsingatækniþjónustan framkvæmdi forgreiningu til að komast að því hvaða kerfi væri hægt að nota sem uppfyllti bæði öryggiskröfur og byði upp á gott og skapandi námsumhverfi. Hugbúnaðurinn Jamf kom best út úr forgreiningu og til stendur að gera tímabundinn samning til eins árs um notkun kerfisins.

Markmið frumathugunarinnar er að sannreyna að Jamf tryggir farsæla umsjón með Apple tækjum sem nýtt eru í skólastarfi hjá Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að notast sé við öruggt kerfi sem uppfyllir lagalegar kröfur og tryggir góða virkni. Verði frumathugun jákvæð er stefnt að innkaupum á lausn með útboðsferli í kjölfarið.

Ábati verkefnisins felst í bættum möguleikum í miðstýringu á tölvum og auknu stafrænu öryggi í skólastarfi. Aukinn sveigjanleiki verður í aðgangsstýringum og meiri sjálfvirkni í kerfinu, sem sparar tíma í uppsetningu og þjónustu tækjanna. Ávinningurinn mun tryggja bætt stafrænt og öruggt námsumhverfi nemenda og kennara.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun eru 18.700.000 kr., þar af tilheyra 17.855.000 kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 845.000 kr. tilheyra rekstarkostnaði UTR vegna einskisþis búnaðarkaupa.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi: 800001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer: 249059.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur